

Forsætisnefnd

Framhaldsfyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um kostnað vegna fundarherferðar borgarstjóra

Á fundi forsætinefndar þann 15. mars 2019 var lögð fram svohljóðandi framhaldsfyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um kostnað vegna fundarherferðar borgarstjóra:

Borgarfulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum um kostnað við hljóðupptökur á 13 opnum fundum borgarstjóra 2018? Hvaða var þessi þjónusta keypt og var verkefnið boðið út. Spurt er hvað skýrir þennan mikla mun á þessum kostnaði frá einum fundi til annars?

Svar:

Kostnaður vegna hljóðkerfis, hljóðupptöku og streymis á íbúafundum og opnum fundum borgarstjóra var í 10 tilfellum af 13 á bilinu 100.000 – 200.000 kr. Þeir fundir sem fóru yfir 200.000 kr. í kostnaði eiga það sammerkt að þeir voru staðsettir utan Ráðhúss og ekki var hægt að ganga að ýmsum búnaði vísu eins og í Tjarnarsal Ráðhúss. Umræddir fundir voru íbúafundir borgarstjóra sem haldnir voru í hverfum borgarinnar; Hlíðum, Vesturbæ og Háaleiti og Bústöðum.

Kostnaður vegna hljóðkerfis, hljóðupptöku og streymis felur m.a. í sér leigu á hljóðkerfum, undirbúning og hljóðblöndun fyrir hvern fund, upptökur og akstur með búnað svo fátt eitt sé nefnt. Aukin áhersla er í samfélaginu á að opnir fundir sem þessir séu aðgengilegir í rauntíma á netinu og hefur Reykjavíkurborg reynt eftir fremsta megni að verða við því. Þjónusta vegna ofangreindra kostnaðarliða var keypt af HljóðX, Exton, netsamfelag.is og Hauki Harðarsyni, verktaka.

Reykjavíkurborga skal gera verðfyrirspurn þegar áætluð fjárhæð innkaupa með virðisaukaskatti er á verðbilinu 7-14 m. kr. vegna kaupa á þjónustu. Þá er skylt að viðhafa innkaupaferli, annað en verðfyrirspurn, þegar áætluð samningsfjárhæð vegna kaupa á þjónustu er yfir 14. milljónum kr. að meðtöldum virðisaukaskatti sbr. 11. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar frá árinu 2014. Ekki var farið í verðfyrirspurn vegna kaupa á þjónustu vegna hljóðkerfa, hljóðupptaka og streyma á íbúafundum og opnum fundum borgarstjóra og er slíkt í samræmi við innkaupareglur Reykjavíkurborgar.

Fyrir hönd skrifstofu borgarstjóra og borgarritara,

Dagný Ingadóttir